



Minnisblað – Stækkun sundabakka - Umhverfismat

Til: Hafnastjóra Ísafjarðahafna.
Frá: Vegagerðin/FG,
Dags: 19.03.2019
Varðar: Gerð Umhverfismats vegna stækkun Sundabakka á Ísafirði.

Fyrirhugað er að lengja Sundakka á Ísafirði um 300 m þar sem stærri fiskiskip og skemmtiferðaskip geta lagst að. Hönnunardýpið við hafnarkantinn er fyrirhugað 10 m sem er nægt dýpi fyrir stærstu skemmtiferðaskipin.

Heildar dýpkun er áætluð um 306.000 m³ og því fer framkvæmdin beint í Umhverfismat, allar framkvæmdir þar sem haugsetning eða efnistaka er meiri en 150.000 m³ fara skilyrt í mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfismatið mun eingöngu snúa að dýpkuninni sjálfri þar sem hafnarkanturinn er nú þegar á samþykktu skipulagi Ísafjarðarbæjar. Nauðsynlegt er að kanna vistkerfið innan skilgreinds dýpkunarsvæðis og finna stað fyrir efnistö á landi og/eða á hafsbotni.

Mikilvægt er að þeir sem vinna að umhverfismatinu þekki staðhætti vel. Einnig væri gott ef hægt væri að vinna eins og kostur er verkefnið í heimabyggð.

Erfitt er að gera sér grein fyrir hversu viðamikill umhverfismatið er en það verður þó aldrei mjög umfangsmikið enda takmarkað sem þarf að athuga. Ferill umhverfismats er:

- Drög að tillögu að matsáætlun
 - Auglýsa þau í opinberum miðli og til væntanlegra umsagnaraðila
 - Matsláætlun
- Frummatsskýrsla
 - Tímabækast
 - Umsagnaraðilar senda inn umsagnir
 - Auglýst í blöðum, almenningur getur sett inn athugasemdir
- Umhverfismat
 - Fjallað um frummatsskýrsluna. Umsagnir og athugasemdir teknar til skoðunar
- Sótt um leyfi

Matið er tímabækt í vinnslu. Gera má ráð fyrir því að vinna í matinu verði mjög takmarkandi að sumri til þegar umsagnaraðilar, stofnanir, eru í sumarleyfi og nánast ómögulegt að ná á þá.

Matsáætlun getur verið tilbúin í vor/sumar. Um haustið reiknum við með frummatsskýrslu.

Heildartími ferils umhverfismatsins er áætlað um 1 ár frá því byrjað er á ferlinu og þangað til því er lokið. Vorið 2020 ætti allt að vera klárt. Þá strax er hægt að fara í efniskaup á stálþili og rekstur þess haustið 2020.